

Starfskýrsla Fimleikadeildar UMF Aftureldingar 2000

Stofnun fimleikadeildar innan Aftureldingar.

Miðvikudaginn 15. mars mættu foreldrar barna sem höfðu lýst áhuga á að stofnuð yrði fimleikadeild innan Aftureldingar. Á fundin mættu 15 foreldrar ásamt Valdimar Leó Friðrikssyni framkvæmdarstjóra aðalstjórnar. Vilji til að koma fimleikadeild á var mikill. Það eru lausir þrjú tímar í viku 17:00 – 18:00 á mánudögum og frá 10:00 –12:00 á laugardögum. Fyrsti mánuðurinn verði notaður til að kynna fimleikadeildina og kanna áhuga. Aðalstjórn Aftureldingar greiðir kostnað vegna apríl. 22 börn voru kominn á lista. Stuttu vortímabili lauk síðan með vorsýningu.

Kosið var í stjórn til að vinna að stofnun og gera tillögu þar um til aðalfundar Aftureldingar.

Í stjórninni eru:

Formaður	Niels S. Olgeirsson, Bröttuhlíð 12,
Gjaldkeri	Ósk Hilmarsdóttir, Lágholt 2a
Ritari	Íris Árnadóttir

Þjálfari er: Guðrún Hermannsdóttir, Miðholt 1

Aðalfundur var haldin 9. október 2000.

Skýrsla undirbúningsstjórnar um starfsemi deildarinnar frá stofnun var kynnt og árs hlutareikningar lagðir fram. Skýrslan og reikningarnir voru samþykkt.

Kosningar.

- Formaður. Niels S. Olgeirsson
- Ósk Hilmarsdóttir og Sigrún B Jónsdóttir kosnar til eins árs.
Elín Clausen og Rósa Dagbjört Hilmarsdóttir kosnar til tveggja ára.

Fengnir voru tímar á þriðjudögum en laugardögum sleppt. Það var of mikið um að íþróttahúsið væri upptekið um helgar og þurfti því að fella niður tíma. Þetta rót skapaði mikla óánægju meðal iðkenda og foreldra. Fengin var nýr þjálfari til að þjálfa á þriðjudögum Guðrún Erla Þorvarðardóttir kom inn tímabundið á meðan hún var að reyna að hjálpa okkur að finna þjálfara. Eva Harðardóttir kom inn í nóvember og er með þjálfun á þriðjudögum og föstudögum.

Tekin var ákvörðun um að fara ekki í tækjafimleika heldur byggja upp tromp fimleika til að byrja með. Þröstur Hrafnsson yfirþjálfari fimleikadeildar Fylkis kom og ráðlagði okkur í tækjaval. Tækjalisti var sendur aðalstjórn. Það er verið að kanna hvort eitthvað af þeim tækjum sem fimleikadeildinni vantar geti samnýst tækjum sem íþróttakennurum við skólann vantar.

Þjálfun.

Hópur B-1 eru 16 krakkar á aldrinum 8 –10 ára . Ég hef verið í undirstöðuatriðum fyrir almenna fimleika í vetur með þeim. Auka styrk, kraft og liðleika og ná grunntækni á ýmsum áhöldum eins og dýnu, stökki og slá. Ég hef hugsað mér að halda áfram í þessum grunnæfingum og bæta svo öðru hvoru inn nýjum æfingum.

Hópur T- 1 eru 7 stelpur á aldrinum 12 – 13 ára. Þær eru allar á byrjendastigi og því hef ég verið í grunnatriðum þar einnig. Með tímanum verður bætt inn hjá þeim dansi og nýjum æfingum.

Eva Harðardóttir
Þjálfari